



Félagið Ísland - Palestína

Útanríkismálanefnd Alþingis

154. löggjafarþing 2023 - 2024

Þingskjal 107 – 107 .mál.

Tillaga til þingsályktunar um merkingu á vörum frá hernumdum svæðum Palestínu.

Umsögn FÍP

Þingsályktunartillaga þessi hefur verið endurflutt mörgum sinnum en ekki fengið framgang sem skyldi. Samþykkt ályktunarinnar mun ekki breyta heiminum, en sýndi að íslenskir þingmenn hefðu manndóm til þess að senda alþjóðasamfélaginu smáskilaboð um að þeir vildu fylgja alþjóðalögum og veita kúgaðri þjóð Palestínu stuðning nú þegar risaveldi á sviði hernaðar stefnir á „endanlega lausn“ með stórfelldri þjóðernishreinsun á Gaza og Vesturbakkanum.

Félagið styður það að íslenskir neytendur geti með skilmerkilegum hætti séð hvaða vörur sem þeim stendur til boða séu framleiddar í landtökubyggðum á herteknu palestínsku landi.

Árið 2011 varð Ísland fyrst ríkja Vesturlanda til að viðurkenna ríki Palestínnumanna sem sjálfstætt og fullvalda ríki innan landamæra frá því fyrir sex daga stríðið árið 1967. Samþykkt þingsályktunar um merkingu vöru frá hernumdu svæðunum er í samræmi við þá viðurkenningu.

Landtökubyggðirnar á Vesturbakkanum eru ólöglegar samkvæmt alþjóðalögum, en yfirvöld í Ísrael hafa unnið að fjölgun þeirra í trássi við samþykktir Sameinuðu þjóðanna. Vörur í umræddum landtökubyggðum eru ekki framleiddar í Ísrael, heldur á herteknu palestínsku landi, og því er beinlínis rangt og ekki í samræmi við alþjóðlalög og samþykktir Sameinuðu þjóðanna að merkja vörur frá þeim sem ísraelskar. Ísraelsk yfirvöld hafa, þrátt fyrir ákall alþjóðasamfélagsins og úrskurði dómstóla haldið áfram að ræna landi Palestínnumanna og Ísrael hefur ekki brugðist við ítrekuðum úrskurðum Alþjóða glæpadómstólsins um ólöglega byggingu múrsins á landi Palestínu. Farsæl sambúð ríkja verður að byggja á þeim grunni sem alþjóðastofnanir hafa byggt upp í ljósi reynslunnar af hildarleik styrjalda. Hundsi ríki ákvæði alþjóðasáttmála um mannréttindi og vernd þeirra verða að koma til viðbrögð sem sýna að slíkt framferði sé ekki samþykkt af þeim ríkjum sem virða mannréttindi.

Samþykkt þingsályktunartillögu um merkingu á vörum sem eru framleiddar á ólöglegum landtökubyggðum Ísraela á Vesturbakkanum í Palestínu er ekki stórt skref til frelsunar undan oki hernámsins sem hefur staðið í rúma hálfu öld. En það er mikilvægt skref til að fylgja eftir dómi Mannréttindadómstóls Evrópu frá 12. nóvember 2019 um

merkingu vöru frá hernumdu svæðunum og ákvæðum Fjórða Genfarsáttmálans um hernám og aðgerðir á hernumdum svæðum.

Alþingi hefur áður tekið mikilvæg skref til stuðnings fólki sem hefur búið við ok hernáms, kúgunar og aðskilnaðarstefnu. Með lögum nr. 67 frá 20. maí 1988, um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu, var bannað að flytja til Íslands vörur sem upprunnar eru í Suður-Afríku og Namibíu.

Mannréttindadómstól Evrópu úrskurðaði í júní 2020 að hvatning til sniðgöngu á vörum frá ólöglegu landtökubyggðunum á Vesturbakkanum sé réttmæt tjáning til að mótmæla ólöglegum aðgerðum hernámsríkisins. Samþykkt Alþingis á ályktuninni um merkingu vöru frá landtökubyggðunum væri því í fullu samræmi við úrskurð dómstólsins.

Til áréttingar bendum við á að Vínbúð ÁTVR selur rauðvín frá vínframleiðandanum Psagot sem starfar í ólöglegri landtökubyggð í Palestínu. Vínið er merkt þannig að ógerlegt er fyrir neytendur að gera sér grein fyrir því hvaðan þetta vín er upprunnið.

Á heimasíðu Vínbúðarinnar er vínið sagt vera frá Ísrael og að upprunastaður sé Jerúsalem. Á flöskunum er skráð að vínið sé „Product of Ancient Israel“, eða framleitt í hinu forna Ísrael. Það er ekkert land til sem heitir „Hið forna Ísrael“, vínið er ekki frá Ísrael og ekki upprunnið í Jerúsalem. Allar þessar skráningar eru rangar. Hér er því augljóslega vísvitandi verið að blekkja neytendur því vínið er framleitt í ólöglegri landtökubyggð á Vesturbakkanum, landsvæði sem er hernumið af Ísrael og starfsemin rekin í trássi við alþjóðlega samninga. ÁTVR er eitt þeirra fyrirtækja sem starfa samkvæmt „Global Compact“ sáttmála Sameinuðu Þjóðanna.

Global Compact var stofnað árið 2000 og er alþjóðleg yfirlýsing sem fyrirtæki og stofnanir geta haft að leiðarljósi við innleiðingu ábyrgra starfshátta. Með þátttöku skuldbinda fyrirtæki eða stofnanir sig til þess að vinna að tíu grundvallarviðmiðum Sameinuðu þjóðanna, er varða samfélagslega ábyrgð og styðja helstu markmið Sameinuðu þjóðanna.

Hver eru fyrstu atriðin sem nefnd eru í þessum sáttmála?

Þau eru:

1. Fyrirtæki styðja og virða vernd alþjóðlegra mannréttinda
2. Fyrirtæki fullvissa sig um að þau gerist ekki meðsek um mannréttindabrot.

Sjá heimasíðu Vínbúðarinnar: <https://www.vinbudin.is/heim/vorur/stoek-vara.aspx/?productid=26433/>

Félagið Ísland - Palestína mælir með samþykkt þingsályktunartillögunnar.

Reykjavík 29. október 2023

F.h. stjórnar Félagsins Ísland - Palestína



Hjálmtýr Heiðdal formaður

palestina@palestina.is